

## REGLUGERÐ

um (22.) breytingu á reglugerð nr. 560/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottana fyrir dýr og dýraafurðir.

### 1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður, 60. tölul., svohljóðandi:

60. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2205 frá 22. desember 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendu krúnunnar Guernsey í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem innflutningur á sendingum af alifuglum og alifuglavörum til Sambandsins eða umflutningur er leyfður.

### 2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2205, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, öll með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. janúar 2021.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

*Iðunn Guðjónsdóttir.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/2205**

frá 22. desember 2020

**um breytingu á I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 að því er varðar færslurnar fyrir Breska konungsríkið og hjálendu krúnunnar Guernsey í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem innflutningur á sendingum af alifuglum og alifuglavörum til Sambandsins eða umflutningur um Sambandið er leyfður**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manndis <sup>(1)</sup>, einkum inngangsorðum og 1. og 4. lið 8. gr. og inngangsorðum og c-lið 4. mgr. 9. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum <sup>(2)</sup>, einkum 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (2. mgr.) og 25. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 <sup>(3)</sup> er mælt fyrir um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á alifuglum og alifuglaafurðum (hér á eftir nefnd vörurnar), og um kröfur vegna víðeigandi heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir. Þar er kveðið á um að vörurnar megi einungis flytja inn til Sambandsins og umflytja gegnum það frá þeim þriðju löndum, yfirráðasvæðum, svæðum eða hölfum sem skráð eru í 1. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka við hana.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 798/2008 er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að þriðja land, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem vörur eru fluttar inn til Sambandsins, geti talist laust við alvarlega fuglainflúensu (HPAI).
- 3) Breska konungsríkið hefur lagt fram nauðsynlegar ábyrgðir, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 798/2008, til þess að Breska konungsríkið og hjálenda krúnunnar Guernsey verði færð á skrá í 1. hluta I. viðauka við þá reglugerð eftir að aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), lýkur, með fyrirvara um beitingu laga Sambandsins um og innan Breska konungsríkisins að því er varðar Norður-Írland, í samræmi við 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland við útgöngusamninginn, í tengslum við 2. viðauka við þá bókun. Að teknu tilliti til þeirra ábyrgða sem Breska konungsríkið lét í té ætti að færa viðkomandi þriðja land og hjálendu krúnunnar Guernsey á skrá í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008.
- 4) Frá því í nóvember 2020 hefur Breska konungsríkið þó staðfest nokkrar uppkomur alvarlegrar fuglainflúensu af undirgerð H5N8 á yfirráðasvæði sínu og ekki verður búið að ráða bót á einhverjum af þessum uppkomum 1. janúar 2021. Því er ekki hægt að líta svo á að yfirráðasvæði Breska konungsríkisins sé laust við þann sjúkdóm.
- 5) Breska konungsríkið hefur lagt fram upplýsingar um faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði sínu og til hvaða aðgerða það hefur gripið til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu alvarlegrar fuglainflúensu. Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á þessar upplýsingar. Á grundvelli þessa mats sem og þeirra ábyrgða sem Breska konungsríkið leggur fram er við hæfi að setja takmarkanir á innflutning til Sambandsins á sendingum af alifuglum og alifuglavörum frá svæðum, sem hafa orðið fyrir áhrifum af alvarlegri fuglainflúensu, sem heilbrigðisyfirvöld Breska konungsríkisins á sviði dýra og dýraafurða hafa sett takmarkanir á vegna uppkomanna.
- 6) Því ætti að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 til samræmis við það.
- 7) Þar eð aðlögunartímabilinu, sem kveðið er á um í útgöngusamningnum, lýkur 31. desember 2020 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.
- 8) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,  
forseti.*

Ursula VON DER LEYEN

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

(<sup>3</sup>) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

#### VIÐAUKI

Í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 er eftirfarandi færslum bætt við á eftir færslunni fyrir Kína:

„GB – Breska konungsríkið ( <sup>1</sup> )“	GB-0	Landið allt	SPF							
			EP, E							
GB-1	Breska konungsríkið, landið allt að undanskildu svæði GB-2	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N				A		
			WGM							
			POU, RAT		N					
GB-2	Yfirráðasvæði Breska konungsríkisins sem samsvarar:									
GB-2.1	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km rás með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.30 og W1.47	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021			A		
			WGM		P2	1.1.2021				
			POU, RAT		N	1.1.2021				
GB-2.2	Norður Yorkshire-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km rás með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N54.29 og W1.45	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021			A		
			WGM		P2	1.1.2021				
			POU, RAT		N	1.1.2021				
GB-2.3	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km rás með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.49 og E0.95	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021			A		
			WGM		P2	1.1.2021				
			POU, RAT		N	1.1.2021				
GB-2.4	Norfolk-sýsla: Svæði sem liggur innan hrings með 10 km rás með miðpunkt í WGS84-hnitunum (tugabrot) N52.72 og E0.15	BPP, BPR, DOC, DOR, HEP, HER, SRP, SRA, LT20		N	1.1.2021			A		
			WGM		P2	1.1.2021				
			POU, RAT		N	1.1.2021				

GG – Guernsey	GG-0	Allt yfirráðasvæðið	BPP, LT20		N		A		
---------------	------	---------------------	-----------	--	---	--	---	--	--

(\*) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, taka vísanir til Breska konungsríkisins, að því er þennan viðauka varðar, ekki til Norður-Írlands.“

---

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2021